


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri		
Útgáfa: 10			
Dags.:23.02.2016	KVIK1HRO2S		
Höfundur: AMJ			Námsáætlun haustönn 2019
Samþykkt: SHJ			
Síða 1 af 3			

Kennari	Sigrún Fanney Sigmarsdóttir	Sk.st.	SFS
----------------	-----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum munu nemendur kynna úrvali íslenskra- og erlendra kvikmynda með áherslu á spennumyndir. Farið er í nokkur grunnatriði í kvikmyndagreiningu og skoðað verður hvernig kynhlutverkum er háttað í myndunum. Ætlast er til þess að nemendur taki virkan þátt í umræðum, sjái þær kvikmyndir sem fjallað er um í tímunum og vinni fjölbreytt verkefni.

Áfanginn byggist á sex stoðum menntunar: Læsi í viðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti og skapandi starfi.

Markmið:

Þekkingarviðmið:


Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægum kvikmyndahugtökum
- grunnaðferðum í greiningu kvikmynda
- hvernig kvikmyndir endurspeglar viðhorf og gildi í hverju samfélagi og á hverjum tíma
- hvernig kvikmyndir endurspeglar kynhlutverk
- helstu greinum kvikmynda
- mikilvægi þess að bera virðingu fyrir skoðunum annarra
- mismunandi kvikmyndum eftir löndum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýnni hugsun
- færa rök fyrir eigin máli
- tjá sig og hlusta á aðra
- skoða hvernig mismunandi viðhorf birtast í kvikmyndum
- miðla skoðunum sínum og athugunum á skapandi hátt
- flytja af öryggi og sannfæringarkrafti kynningu á efni myndanna
- koma frá sér efni á skýru og blæbrigðaríku máli

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	KVIK1HRO2S Námsáætlun haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina kynhlutverk í kvikmyndum
- greina uppbyggingu kvikmynda
- tengja kvikmyndafræði við eigin reynslu og veruleika
- tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður
- meta eigin rök og annarra
- útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu mismunandi texta
- átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldem boðskap og hugmyndum
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti

Námsgögn:

Efni frá kennara sem og ýmsar kvikmyndir sem nemendur gætu þurft að verða sér út um sjálfir.

Áætlun um yfirferð:

1. lota: 20. ágúst - 12. október


Hugtakið kvikmyndafræði verður kynnt og farið í hvað það felur í sér. Einnig verður farið í byggingu kvikmynda sem og kvikmynda- og bókmenntahugtök.

Í þessari lotu hefja nemendur vinnu við ígrundunar- og vinnubók sem vinna skal jafnt og þétt alla önnina (25%). Undir lok lotunnar verður próf (20%). Að auki skulu nemendur skila ritunarverkefni (10%).

2. lota: 15. október - 6. desember

Í þessari lotu verður sjónum beint að Íslandi og íslenskri spennukvikmyndagerð. Horft verður bæði á myndir sem kennari velur og val frá nemendum.

Í þessari lotu vinna nemendur hópverkefni um ákveðna mynd (20%). Að lokum velja nemendur svo lokaverkefni í samráði við kennara. Því verkefni þarf bæði að skila fullunnu til kennara og kynna fyrir hópnum (35%).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	KVIK1HRO2S	Námsáætlun haustönn 2019


Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Miðannarpróf	Munnlegt próf.	20%	
Ígrundunar- og vinnubók	Ýmis konar verkefni, þ.á.m. vangaveltur um þær kvikmyndir sem nemendur horfa á. Einstaklingsverkefni.	25%	
Ritun	Verkefni úr völdu efni. Einstaklings- og/eða hópverkefni.	10%	
Hópverkefni	Nemendur vinna verkefni um valið efni. Hópverkefni.	10%	
Lokaverkefni og kynning	Nemendur vinna lokaverkefni í samráði við kennara. Kynna þarf verkefnið fyrir samnemendum. Einstaklings- og/eða hópverkefni.	35%	
	Samtals:	100%	
Annað: Athugið að nemendur þurfa að skila öllum verkefnum til að teljast hafa lokið áfanganum og ná a.m.k. að lágmarki 4,5 í lokaeinkunn.			

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 22.08.19


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils